

SAMÞYKKT

um fráveitu Akraneskaupstaðar.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu í Akraneskaupstað.

2. gr.

Akraneskaupstaður starfrækir fráveitu, kostar rekstur hennar og framkvæmdir. Bæjarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé á fjárhagsáætlun til reksturs og framkvæmda við hana.

Tækni- og umhverfissvið fer með umsjón, hönnun, framkvæmdir og rekstur fráveitu bæjarins í umboði bæjarstjórnar.

3. gr.

Skilgreiningar:

Fráveita: Leiðslukerfi og búnaður til meðhöndlunar skólps.

Fráveituvatn: Vatn (skólp, ofanvatn, vatn frá upphitunarkerfum húsa o.fl.) sem veitt er í fráveitur.

Skólp: Húsaskólp og iðnaðarskólp eða blanda húsaskólps eða iðnaðarskólps og/eða ofanvatns.

Fráveitan veitir fráveituvatni, sem getur verið húsaskólp, iðnaðarskólp, ofanvatn, kæli- vatn og ræsisvatn, um fráveitulagnir frá byggð til viðtakanda.

Einföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn, en tvöföld fráveita veitir skólpi og ofanvatni í tveimur aðskildum samliggjandi fráveitulögnum.

Akraneskaupstaður á allar holræsalagnir fráveitu, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna. Ennfremur allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar og hreinsistöðvar.

4. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær til, skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir, skal séð fyrir tengirein á holræsalögn. Tækni- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar ákveður legu götuholræsa og tengireina.

5. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði, þar sem fráveita bæjarins liggur, er skylt að leggja á sinn kostnað fráræsi frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita, skulu húseigendur halda skólpi og ofanvatni aðskildu í tvöfaldri fráveitulögn og tengja hana tvöfaldri fráveitu bæjarins. Að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp.

6. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á fráræsi húseignar að fráveitu bæjarins, skal húseigandi leiða fráveituvatni að brunni, þannig staðsettum, að hægt sé að veita fráveituvatn frá honum í fráveitu bæjarins.

7. gr.

Þar sem fráveita bæjarins nær ekki til, skulu húseigendur leiða fráveituvatn frá fráræsum húseigna um rotþrær og siturleiðslur, sbr. reglur sem um það gilda á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Akraneskaupstaður kostar niðursetningu og annan frágang rotþróa og lagna, en húseigandi leggur til rotþró sem samþykkt er af byggingarfulltrúa. Gerð og hönnunarforsendur rotþróa er háð samþykki heilbrigðisnefndar og skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar. Húseigandi annast allt viðhald.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum. Hreinsun fer fram á vegum bæjarins og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd ákveður verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist.

Þegar fráveita bæjarins hefur verið lögð, skulu húseigendur kosta og tengja fráræsi húseigna við hana.

8. gr.

Þegar tengja skal fráræsi húseigna við fráveitu bæjarins eða veita fráveituvatni frá þeim um rotþró, sé þess ekki kostur að tengja fráræsislögn frá húseign við fráveitu, skal sækja um það til tækni- og umhverfisviðs Akraneskaupstaðar á þar til gerðum eyðublöðum, sem þar eru látin í té. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra, ásamt pípulagningarmeistara þeim, sem verkið á að vinna.

Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráræsum frá húseignum sem tengjast fráveitu bæjarins.

Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar, er sýni gerð þeirra og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka, auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða.

9. gr.

Áður en húseign er tengd fráveitu bæjarins skal húseigandi greiða stofngjald til Akraneskaupstaðar vegna tengingar og lagningar frárennislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

10. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingareglugerð og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

11. gr.

Byggingareftirlit bæjarins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar, skal það einnig taka út og viðurkenna fráræsi frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu bæjarins eða rotþrær.

12. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því, að lagnir fráveitu bæjarins séu lagðar um lóðir þeirra og lönd og fari fram á þeim nauðsynlegt viðhald. Akraneskaupstað er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

13. gr.

Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, olíur, bensín, lífræn leysiefni eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins. Um mengunarvarnir fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og reglugerða settum samkvæmt þeim.

14. gr.

Af öllum fasteignum í Akraneskaupstað, sem liggja við vegi, götur eða opin svæði, þar sem holræsalagnir fráveitu bæjarins liggja, skal greiða árlega fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins.

15. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa. Bæjarstjórn Akraness ákveður árlega álagningarprósentu fráveitugjaldsins sem nemur álagningarhlutfalli af fasteignamati skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1975 í tengslum við ákvörðun um álagningu fasteignagjalda. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

16. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

17. gr.

Fráveitugjald skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Fráveitugjald má innheimta með lögtaki og er það tryggt með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

18. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem standa skal undir kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem sveitarstjórn setur og lætur birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Rotþróargjald hvers árs skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til bæjarsjóðs Akranessbæjar.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

19. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að nýta sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um sérstaka ívilnun gjaldanna og sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til. Aukagjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið.

Einnig er bæjarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

20. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

21. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akranesbæjar, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti- og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um holræsi á Akranesi nr. 503/2000.

Umhverfisstjórnuneytinu, 3. september 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.